

Fundargerð Stýrihóps um innleiðingu ISPS – kóða á Íslandi.

9. fundur, 25. nóvember 2003 haldinn í samgönguráðuneyti, kl. 15.00 - 17.30

Mætt: Thomas Möller formaður, Hörður Blöndal, Jón Þorvaldsson, Gísli Viggósson, Ari Guðmundsson, Dagmar Sigurðardóttir, Guðmundur Ómar Þráinsson, Ólafur Briem, Helga Jónsdóttir, Sigurbergur Björnsson og Unnur Sverrisdóttir.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir athugasemdum við fundargerð síðasta fundar. Þær voru engar og var hún samþykkt.

Formaður sagði það liggja fyrir fundinum að samþykkja drög að áfangaskýrslu og markmiðið væri að birta hana daginn eftir ef samþykki fundarins og ráðherra fengist.

Hann lagði til að hópurnir hittist aftur um miðjan janúar til að fara yfir athugasemdir og ábendingar sem þá hefðu borist og til að undirbúa útgáfu lokaskýrslu hópsins. Jafnframt lægi þá fyrir lagafrumvarp um siglingavernd og drög að reglugerð.

Nefndi hann 15. janúar fyrir undirbúningsfundinn og 27. janúar sem lokafundardag stýrihópsins. Var það samþykkt.

Fundarmönnum höfðu verið send lokadrög fyrir helgi og lagði formaður til að farið væri yfir þau blaðsíðu fyrir blaðsíðu og fundarmenn kæmu með athugasemdir jafnóðum.

H.J. taldi að laga þyrfti málfar mjög mikið og á mörkum væri að skýrslan væri birtingarhæf.

U.S. sagði að um vinnuplagg væri að ræða semsem beðið væri eftir. Nýta yrði tímann fram að lokaskýrslu til að bæta málfar og prófarkalesturs.

J.Þ. benti á að nú væri víða verið að vinna að áhættumati í höfnum og ljóst að ótal spurningar myndu vakna við framkvæmd þess fram til 15. janúar.

S.B. áréttaði að þetta væri áfangaskýrsla. Þar væru stórar línur dregnar um framkvæmd og tilhögun siglingaverndar en engar nákvæmar leiðbeiningar, enda væri það hvorki í valdi hópsins að koma með þær né hlutverk hans.

J.Þ. innti eftir því hvort athugað hefði verið með möguleika hafna á að sækja um styrk til hafnabótasjóðs vegna stofnkostnaðar sem af innleiðingunni leiðir. U.S. upplýsti að það hefði verið kannað en er ekki talið mögulegt í ljósi lögbundins hlutverks sjóðsins.

H.J. taldi að það skorti nánari skýringar á farmverndinni, bæði á tilgangi hennar og hverjar ástæður væru fyrir því að stýrihópurinn hefði tekið hana upp með þessari vinnu.

S.B. benti á að hrein hagkvæmnissjónarmið lægju að baki. Það lægi fyrir að Bandaríkin hefðu nú þegar viðurkennt 20 hafnir í heiminum sem flytja mætti frá vörur til þeirra. Til stæði að viðurkenna 20 í viðbót. Ljóst að mikið óhagræði myndi fylgja því fyrir íslenskan útflutning ef alltaf þyrfti að koma við í einhverri þessarra hafna með allar vörur sem flytja ætti til

Bandaríkjanna. Bandarísk yfirvöld ynnu með tolyfyrvöldum í hverju ríki og því taldi hann hag að því að fá tolyayfirvöld hér strax til samvinnu. U.S. tók undir með S.B. og taldi farmverndina löngu samþykkt á vettvangi stýrihópsins.

Ó.B. vakti athygli á kostnaði sem fylgdi óhjákvæmilega innleiðingu siglingaverndar. Hann benti á að 1. júlí 2004 yrði gjaldtaka hafna frjáls. Hann taldi óeðlilegt ef gjaldtaka vegna þessara nýju öryggisþátta yrði hluti af samkeppnisumhverfi hafnanna. Eftir nokkrar umræður tóku fundarmenn undir með skoðun Ó.B. og var honum falið að koma með mótaðar tillögur um málið í byrjun janúar.

Að lokum var vakin athygli á því að það vantar umfjöllun um heimild til bakgrunnsskoðunar væntanlegra verndarfulltrúa og var samþykkt að ráða bót á því.

Niðurstaða fundarins:

S.B. falið að bæta inn lagfæringum og athugasemdum í áfangaskýrsluna sem fram komu á fundinum. Honum jafnframt falið að afla afstöðu ráðherra til birtingar daginn eftir.

Ákveðið að hittast aftur 15. janúar 2004 og þá yrði farið yfir fram komnar athugasemdir. Þá á jafnframt að liggja fyrir:

- a) Frumvarp og drög að reglugerð.
- b) Búið verður að laga málfar og prófarkalesa skýrsluna.
- c) Ó.B. leggur fram áætlun um kostnað og tillögur um gjaldtöku.

Fundarboð verður sent þegar nær dregur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Unnur Sverrisdóttir ritaði fundargerð.